



Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. mars 2018
Tilvísun: 2018030266/50.12

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um Matvælastofnun, mál nr. 331 á þingskjali 442.

Vísað er í erindi (tölvupóst) dagssett 12. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um Matvælastofnun, mál 331. Umsögn Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) er hér á eftir.

Almennt um frumvarpið.

Að mati HER er erfitt að sjá hvernig frumvarpið nái því að styrkja og efla Matvælastofnun til að vera betur í stakk búin til að vinna að öllum þeim mikilvægu verkefnum sem Alþingi hefur falið stofnuninni. Greinilegt er, að mati HER, að tekin hefur verið ákvörðun um leggja ekki til að þessu sinni nauðsynlegar breytingar á stofnuninni. Það er miður því eins og fram kemur í úttektarskýrslu sem Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið lét vinna fyrir sig, dags 27. mars 2017, hefur stofnunin ekki getað sinnt fjölmörgum lögbundnum verkefnum sem henni hefur verið falið. Ljóst er að til staðar eru tækifæri til að efla matvælaeftirlit í landinu. HER hefur lagt til að skoðaðar verði breytingar á Matvælastofnun og að matvælaeftirlit stofnunarinnar verði flutt til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga en jafnframt að stofnun verði eflað svo hún verði betur í stakk búin til að sinna öðrum mikilvægum verkefnum. Hvað þetta varðar er vísað til erindis Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 20. júní 2017 Tilvísun: 2017010252/0.7 og umsagnar HER um drög að frumvarpi um breytingar á matvælalögum dags.

HER telur að jákvætt væri að skoða kosti þess að sameina Matvælastofnun og Umhverfisstofnun, a.m.k. eftirlitshluta þeirra og að búin yrði til ein öflug eining á þessu stjórnsýslustigi. Sú stofnun gæti þá farið með yfirumsjón og eftirlit með heilbrigðiseftirlitinu, gerð leiðbeininga og samræmingu alls heilbrigðiseftirlits í landinu. Jafnframt ítrekar HER þá skoðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að sem mest eftirlit skuli fært til heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Einnig ætti að mati HER að skoða hvort hægt væri að færa fleiri eftirlitsstofnanir í svona stjórnsýslustofnun, t.d. Neytendastofu og Vinnueftirlit. Þá gæfist jafnframt tækifæri til að styrkja enn frekar eftirlitseiningar á landsbyggðinni með því að sameina eftirlit þessara aðila við heilbrigðiseftirlitssvæðin. Bent er á svipaðar lausnir, sem mun fjölmennari þjóðir t.d. Holland og England hafa innleitt. HER telur að byrja ætti á því að Matvælastofnun og Umhverfisstofnun komi sér upp samræmdu skráningar - og upplýsingarkerfi sem síðan heilbrigðiseftirlitssvæðin og þá í leiðinni allir eftirlitsaðilar í landinu gætu einnig notað til að skrá sitt eftirlit.

HER leggur því til að frumvarpið verði ekki samþykkt að óbreyttu.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Athugasemdir við einstakar greinar:

2. gr. frv.: *Hlutverk* .“Vinna að aðgengi fyrir íslenskar afurðir að erlendum mörkuðum.“ Það er álitamál hvort að stofnun, sem hefur eftirlit með stórum hluta matvælaframleiðenda í landinu eigi jafnframt að hafa þetta hlutverk „að vinna að aðgengi fyrir íslenskar afurðir að erlendum mörkuðum“. Slíkt ákvæði gæti verið til þess fallið að draga úr trúverðugleika hennar sem eftirlitsstofnunar ef hún á, á sama tíma, að vinna að markaðsaðgengi fyrir matvæli framleidd af eftirlitsþegum hennar.

Ekki eru, í samræmi við framanritað, gerðar athugasemdir við aðrar einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Oskar Í. Sigurðsson
Oskar Í. Sigurðsson
deildarstjóri
REYKJAVÍKUR

Afrit/Samrit sent:

Afrit/Samrit sent: